



Hestamannafélagið Sprettur

Aðalfundur Sprettis 3. apríl 2024, fundur hófst kl. 20:30.

Staður: Veislusalur Sprettis

Dagskrá fundarins er samkvæmt 10. gr. laga félagsins.

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Framlagning reikninga félagsins.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun næsta árs.
11. Önnur mál er félagið varða.

1. Fundarsetning.

Sverrir Einarsson, formaður félagsins, setur fundinn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður leggur til að Guðmundur Hagalínsson verði fundarstjóri og Haraldur Pétursson ritari. Var það samykkt einróma.

3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar.

Þórdís Anna Gylfadóttir, yfirþjálfari Sprettis, fer yfir starf yngri flokka og fræðslumál.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri) óskaði eftir því að farið yrði yfir stöðu mála fyrir Landsmót 2024 seinna, undir liðnum önnur mál. Var það samþykkt.

4. Framlagning reikninga félagsins.

Kolfinna Guðmundsdóttir, gjaldkeri, fer yfir reikninga síðasta árs.

Þetta er annað árið sem ekki er samanburðarhæft, rekstrartekjur hafa heldur lækkað sem og tekjur vegna hallarlykla en félagsgjöldin hafa skilað sér vel.

Eigið féð stingur aðeins í stúf vegna leiðréttingar frá fyrra ári.

Fyrirspurn frá Sverri Karlssyni. Munur á rekstrarreikningur 2023 og 2022, munur á öðrum tekjur milli var 22 millj 2022 en 12, 5 millj. 2023. Að stærstum hluta er þetta mismunur vegna minni styrkja á milli ára skv. Gjaldkera.

Þórdís Anna spyr um kostnað Æskulýðsnefndar og Fræðslunefndar. Hvaða kostnaður er þarna færður í bókhaldið. Svör frá gjaldkera að á Fræðslunefnd er færður kostnaður vegna yfirþjálfara. Í liðnum Æskulýðsnefnd er sjóður sem er í eigu Æskulýðsnefndar.

Spurt er er um tilgang Fasteignafélagsins. Fasteginafélagið á allt húsnæði og tæki og var stofnað til að fá virðisaukaskatt við byggingu á Samskipahöllinni. (Lárus Finnbogason bætti við skýringu) Í Rekstrarfélaginu er rekstur á salnum og spónasölu og skítalosun, allt sem ber virðisaukaskatt. Sprettur er með annan rekstur sem ekki ber virðisaukaskatt.

Sigurður Ágústsson með fyrirspurn um fjórföldun á skrifstofukostnaði á milli ára, hver er skýringin á því? Skv. Gjaldkera er sSkýringin á því er að mestu vegna vinnu við bókhaldskostnaði, líka fyrir árið 2022 sem færðist ekki fyrir en á árinu 2023.

Lárus Finnbogason, spyr um minkun á tekjum, Lottótekjur, afhverju hafa þær minnkað og afhverju hafa styrkir lækkað svona mikið. Gjaldkeri hafði ekki svör við minnkun á Lottótekjum.

Hannes Hjartarson spyr um hvað Sprettur aflaði mikla tekna af spónasölu og hver var kostnaðurinn. Skv. gjaldkera var byrjað að afhenda spæni fyrir áramót en ekki tekjufær fyrir en eftir áramót þannig að niðurstaðan liggur ekki fyrir.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri) kom upp og vildi þakka sjórn fyrir vel unnin störf.

Sigurður Tyrfingsson vildi spyrjast fyrir um taðmálin í bókhaldinu. Taldi það hafa verið kostnað en þetta eru tekjur.

Fundurinn samþykkti framlagða reikninga.

5. **Lagabreytingar.**

Engar tillögur um lagabreytingar bárust fyrir aðalfundinn.

6. **Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.**

Eftirfarandi félagsmenn bjóða sig fram til formanns.

- Davíð Áskelsson
- Jónína Björk Vilhjálmsdóttir

Eftirfarandi félagsmenn bjóða sig fram til stjórnar. Þrjú sæti eru til tveggja ára og tvö til eins árs eru laus. Þeir 3 félagsmenn sem hljóta flest atkvæði eru kosnir til tveggja ára, næstu 2 til eins árs. Endanlegur fjöldi þeirra er þó háð niðurstöðu kosninga um formann en Davíð heldur áfram í stjórn verði hann ekki kjörinn formaður.

- Bryndís Jónsdóttir
- Hermann Vilmundarson
- Katla Gísladóttir
- Lárus Sindri Lárusson
- Ólöf Rún Skúladóttir
- Sigurbjörn Eiríksson
- Valdimar Ómarsson

Fundarstjóri fór yfir kosninguna og nefndi þann fjölda sem kosið er um. Bauð þeim sem eru í framboði til formanns að kynna sig.

Davíð Áskelsson byrjaði að kynna sig og fór sín stefnumál. Nefndi ma. Lýðheilsumiðstöðina og ýmis mál sem hafa borðið á daga hans sem stjórnarmanns á síðasta ári.

Jónína Björk Vilhjálmsdóttir kom næst og kynnti sig og sín stefnumál, fimm helstu málin er: Fara í stefnumörkun og móta farmtíðarstefnu Sprettis, móta nefndir í kringum stefnuna, styrkja fjárhag félagsins, halda áfram að styðja æskulýðsmálin, félagsmál Sprettara og auka gagnsæi í stjórn félagsins, miðla upplýsingum og sameina vefsíður.

Bryndís Jónsdóttir (Egill maður hennar kom í hennar stað þar sem hún hafði ekki tök á að mæta.)

Hann las upp kynninguna. Setið í ótal nefndum í gegnum tíðina. Vill taka þátt í að móta félagið, efla nýliðun, vinna í reiðvegamállum og auka þátttöku félagsmanna.

Hermann Vilmundarson. Kynnti sig, hefur ma. starfað við fjármögnum og framkvæmdir. Var í fyrstu stjórn Spretts, og hans helsta áherslumál snýr að æskulýðsmálunum.

Katla Gísladóttir. Búin að vera hér í 8 ár, hefur lifað og hræst í hestamenskunni frá barnæsku. Hefur lokið 3 ára reiðkennaranámi og hefur verið duglega í sjálfböðastarfi félagsins. Er skipulögð, vill auka gangæi og upplýsingaflæði til félagsmanna, efla nefndarstarf og styðja við æskulýðsstarfið, efla mannvirki félagsins og auka öryggi á svæðinu. Vill sjá félagsmenn vera stolta af því að vera Sprettarar.

Lárus Sindri kynnti sig, hefur verið í félaginu frá stofnum. Er í stjórn LM2024 fyrir Sprett. Áherslumál Lárusar verður að efla nefndir, aðstöðu og öryggismál ásamt fjármálum félagsins.

Sigurbjörn Eiríksson. Kom til baka í hestamenskunni fyrir um 9 árum sínum. Áhuginn kveiknaði fyrir um ári síðan. Nýliðun – getur veirð erfitt fyrir fólk að byrja í hestamenskunni og það þarf að efla, æskulýðsstarfið sem er búið, efla mannvirkjakostinn stækka reiðhöllina – efla lýsingu. Þarf Sprettur að eiga þessi mannvirki, þetta má skoða?

Ólöf Rún Skúladóttir, gaman að sjá allan þennan fjölda. Hefur alla tíð unnið við að taka viðtöl við fólk og telur að sú reynsla muni nýtist vel í sjórnarstörfum. Mun nýtast vel við að koma einhverju á blað fyrir félagið og nefndi svo æskulýðsmálin sem áherslumál.

Valdimar Ómarsson kynnti sig sem stolltan Sprettara og hefur verið alla tíð í hestamenskunni. Hefur verið duglegur í sjálfböðaliðs starfi fyrir Sprett. Hann vill efla og þróa félagið áfram, hefur áhuga á uppbyggingu upphitunarhallar og efla lýsingu á reiðvegnum.

Pétur Örn, formaður kjörnefndar tók orðið og kynnti miðurstöðu úr formannkjöri. Davíð fékk 85 atkvæði en Jónína fékk 206 atkvæði. Jónína er því næsti formaður Spretts.

Pétur skýrði hvernig kosning til stjórnar færi fram. Kosnið verður um 4 stjórnarmenn og verður sá sem fær fæst atkvæði kosin til eins árs, hinir til tveggja ára.

Pétur Örn kom upp og birti niðurstöðu talningarinnar. Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu til stjórnar Spretts.

Katla Gísladóttir

Lárus Sindri Lárusson

Hermann Vilmundarson

Sigurbjörn Eiríksson

Nýr formaður hélt tölu og þakkaði þeim stjórnarmönnum sem eru að láta af störfum.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.

Sigurður Tyrfinngasson og Kolfinna Guðmundsdóttir, varmenn eru Þorsteinn Ragnarsson og Sigurður Guðni.

8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.

Fundarstjóri skoraði á félagsmenn og skrá sig í nefndir félagsins. T.d. hjá framkvæmdastjóra eða stjórn.

9. Ákvörðun félagsgjalds.

Tillaga stjórnar er að félagsgjaldinu verði haldið óbreytt, 19.500 kr. Það var samþykkt samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Engin fjárhagsáætlun var lögð fram. Gjaldkeri taldi það verkahring næstu stjórnar.

11. Önnur mál er félagið varða.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (yngri) kom upp og tók með sér framkvæmdastjóra LM2024, Einar Gíslason og kynnti hann LM2024. Fór yfir stjórn og starfsfólk mótsins og nefndi að Reykjavík og Fákur hefðu gert með sér samkomulag um 30 millj framlag Reykjavíkurborgar til uppbyggingar svæðisins. Ýmislegt búið en margt er enn eftir. Helsta breyting frá fyrri mótum er fækkum girðinga og innganga inn á mótið, þeir verða 2. Leggja mikla áherslu á að öll salerni verður tengd við fráveitukerfi. 5 auglýsingasamingar klárir, 3 langt komnir, stefnt að því að það verði 10 samningar. Búið að semja við flesta byrgja og viðburðarhaldara. Fór yfir verðlagningu á miðum sem er rétt undir þróun verðlags.

Rekstarmódelið miðar við 5000 gesti sem er harði kjarninn sem mætir alltaf. Miðað við þann fjölda kemur mótið út á sléttu. Búið er að birta drög að dagskrá, það verður íþróttamót fljótlega verður leitað til félagsmanna Spretts og Fáks.

Þórdís Anna Gylfadóttir kom og kynnti æskulýðsstarfið. Skemmtilegasta starf sem hún hefur sinnt og um að gera að nýta þann auð sem liggur í æskulýð félagsins. Reiðkennari að mennt og er á tímabundnum ráðningarsamningi (verktaki) í um 20% starfi. Fór yfir hvað starfið innifelur og hrósaði formanni unglíngaráðs og æskulýðsnefnd.

Börnin dugleg að safna peningum, sjá um sjöppuna á viðburðum en Sprettur sér um aðföngin. Glæsileg uppskeruhátið var haldin, aðeins einn stjórnarmaður mætti, hefði gjarnan vilja sjá fleiri. Þórdís nefndi ma. ferð til Svíþjóðar, blingnámskeið, sýnikennslu frá Hulda Maríu Sveinbjörnsdóttur og páskaeggjaleit þar sem 50 ungir Sprettarar mættu. Einnig nefndi hún námskeið hjá Olil Amble sem er mjög ánægð með unga Sprettera, námskeið með Fákí. Blue Blue Lagoon mótaröðin heldur áfram að stækka og þurfti að beita fjöldatakmörkunum á síðasta móti, síðasta mótið verið 11 apríl. Þann 20 apríl er leikjadagur og síðustu vetrarleikarnir verða haldnir af unglíngum Spretts. Farin verður ferð í Flagbjarnarholt eina helgi í vor og komið við í Kvistum hjá Árna Birni og Sylvíu.

Mjög mikil ásókn í námskeið á vegum Spretts, nánast alltaf uppantað, mikil ásókn fá nágrannafélögunum. Fyrirkomulagi á skráningu breytt þannig að námskeið er auglýst en skráning opnar í hádegi á laugardögum.

Þórdís fundar reglulega með barna og unglíngaráði. Þau komu með hugmynd um landsþing barna og unglíngaráðs og verður það sent áfram til LH. Vilja setja upp formlega móttöku fyrir nýliða í Spretti.

Eigum met í fjölda polla á landsvísu, um 30 pollar hafa komið á námskeið og telur Þórdís að gera þurfi meira fyrir þann hóp.

Móta þarf stefnu fyrir unga fólkið. Það eru 6 knapar úr Spretti í U21 af 18. Einnig 6 knapar í yngri afrekshópum LH frá Spretti. Og svo eiga Sprettarar einn Heimsmeistara.

Það vantar meiri og markvissari samskipti milli stjórnar og yfirþjálfara, helst þarf starfið að vera fastráðning þannig að það ríki engin óvissa um það.

Hún nefndi forgangsöröðun í notkun á reiðhöllum og finnt henni að unga fólkið á að vera í forgangi. Að lokum þakkar hún æskulýðsnefndinni fyrir glæsilegt starf, þau eru mögnuð.

Hulda Geirsdóttir tók til máls, gaman að sjá svo marga og vonar að þeir sem ekki náðu kjöri muni koma að starfi félagsins. Við erum stærsta hestamannafélags landsins og erum framarlega á

mörgum sviðum

Hún spyr hvort viljum við halda áfram með Dymbilvikusýninguna, styrkja hana eða leggja hana af. Saknar þess að hafa ekki gamaldags vetrarleika með skráningu fh. á keppnisdegi. Einfalt fyrirkomulag og eitthvað fyrir alla.

Öryggi á svæðinu þar að vera í algjörum forgangi, ekki gott að hafa opna skurði, flagsandi plast og fleira, þetta þarf að vera í góðu lagi.

Þekkir það að vera eini starfsmaður í félagi, stjórn þarf að styðja starfmanninn og móta reglur í kringum starfið þannig að viðkomandi geti stundum „hætt“ í vinnunni.

Minnit að lokum fundargesti á að mæta á landsmótið í sumar og taka þátt í starfi mótsins og vera sýnileg þar í sumar.

Fráfarandi formaður, Sverrir Einarsson kom í pontu og þakkaði fyrir sig. Nefndi hann að það leiðinlegasta sem hann heyrir er þegar fólk segir að stjórnin gerir aldrei neitt. Hann leggur til að við stöndum öll saman á bak við nýkjörna stjórn og formann.

Fundi slitið kl. 22:55

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson